

Starfsemi Verðlagsnefndar búvöru 2006

Verðlagsnefnd búvara hélt 6 bókaða fundi á síðasta starfsári 2006. Í störfum verðlagsnefndar eru teknir fyrir ýmsir þættir sem snúa að rekstri afurðastöðva svo og rekstrarþáttum mjólkurframleiðenda. Á vegum nefndarinnar er reglubundið fylgst með þróun gjaldaliða Verðlagsgrundvallar kúabús auk kostnaðarlíkans fyrir vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkur. Einnig hafa endurskoðendur frá DELOITTE tekið saman árlegt rekstrar- og efnahagsyfirlit yfir mjólkuriðnaðinn.

Í september/október 2006 lágu fyrir útreikningar á hækkunarþörf Verðlagsgrundvallar kúabús og einnig á kostnaðarlíkani fyrir vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkur. Skv. þeim útreikningum, sem byggja að verulegu leiti á rauntölum aðfanga hjá mjólkurframleiðendum og ýmsum tölulegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands, var reiknuð hækkunarþörf til framleiðenda 9,2%. Reiknuð hækkunarþörf mjólkuriðnaðar reyndist vera um 8,54%. Ljóst er að hækkunarþörf af þessum stærðargráðum hefur ekki sést síðan í verðlagningu 2002, en á þeim tíma var reiknuð hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar 7,08%. Mikil hækkunarþörf, á þessum tímapunkti, þurfti ekki að koma á óvart þar sem verðbólguhraði undangengin misseri hefur verið mikill.

Seinni hluta árs 2006 ákváðu stjórnvöld lækkun matarverðs hér á landi. Ákveðið var að lækka virðisaukaskatt á matvæli auk þess sem niðurfelling vörugjalda var ákveðin. Auk þessara aðgerða var ákveðið að rýmka innflutningstolla á landbúnaðarvörum. Undir þessum aðstæðum, auk mikils þrýstings ýmissra aðila í samfélaginu á innlendar landbúnaðarvörur, var ákveðið að heildsöluverð mjólkurvara skyldi ekki taka hækkunum næstu 12 mánuði. Þessi ákvörðun var tekin 8. október 2006. Ljóst er að þessi ákvörðun var erfið, en að mati þeirra sem að henni stóðu, nauðsynleg. Það að standa að hækkun heildsöluverðs 1. janúar 2007, undir væntanlegum aðgerðum stjórnvalda til lækkunar matvælavæðs, hefði verið afar umdeild og erfið ákvörðun. Samhliða þessari ákvörðun fengu mjólkurframleiðendur leiðréttingu afurðasverðs um sem nemur 2 kr. pr. ltr. mjólkur f.o.m. 1. október 2006. Þessi hækkun samsvarar u.þ.b. hækkunarþörf launaliðar verðlagsgrundvallar kúabús á þeim tíma.

Fyrirkomulag verðlagningar mjólkur og mjólkurvara hefur verið óbreytt frá árinu 1998. Verðlagning hefur því farið fram skv. sama fyrirkomulagi sl. 10 rekstrarár og er því áhugavert að líta yfir tímabilið og kanna hvað hefur áunnist í verðlagsmálum mjólkur og mjólkurvara og hver staðan er til komandi ára.

Á þessu tímabili hefur verðákvörðun fyrir heildsöluverð mjólkurvara verið tekin 1. janúar ár hvert. Með einni undantekningu hefur sú ákvörðun, pr. 1. janúar ár hvert, gilt fyrir viðkomandi rekstrarár. Undantekning varð á þegar stjórnvöld settu úrvinnslugjald skv. lögum, m.a. á umbúðir fyrir drykkjarmjólk.

Í störfum sínum tekur Verðlagsnefnd búvöru, hverju sinni, ákvörðun um þær heildarupphæðir sem endurseljendur greiða fyrir mjólkurvörur á heildsölustigi. Ákvarðanir Verðlagsnefndar hafa í framhaldi þess áhrif á verðlag varanna til neytenda, en þess ber að gæta að smásöluálagning mjólkurvara er frjálst. Ákvörðun Verðlagsnefndar um heildsöluverð, hverju sinni, er í raun sú heildarupphæð sem mjólkuriðnaðurinn hefur til ráðstöfunar til þess að standa undir tveimur meginþáttum í starfsemi sinni:

- a) Greiðslu afurðaverðs til mjólkurframleiðenda.
- b) Reksturs afurðastöðva þ.e. vinnslu mjólkur, sölu og dreifingu mjólkurvara.

Á undangengnum áratug hefur verðlag mjólkurvara á heildsölustigi hækkað minna en almennt verðlag í landinu sem mælt er með vísitölu neysluverðs. Vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hefur, með einni undantekningu, tekið minni hækkunum en verðlagsforsendur gáfu tilefni til. Einungis árið 1999 hækkaði vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 2,62%, sem var sama hækkun og reiknuð hækkunarþörf nefndarinnar á þeim tíma.


Þróun breytinga á vinnslu og dreifingarkostnaði mjólkur 1998 - 2007 (1. jan ár hvert)

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	98-07
Reiknuð hækkunarþörf	2,30%	2,62%	4,02%	4,48%	7,08%	5,38%	2,27%	3,90%	3,49%	8,54%	44,08%
Hækkun skv. ákv. Verðlagsnefndar	1,51%	2,62%	2,82%	2,80%	5,50%	2,69%	0%	0%	2,30%	0%	20,24%
- skerðing á hækkunarþörf - stig	-0,8%	0,0%	-1,2%	-1,7%	-1,6%	-2,7%	-2,3%	-3,9%	-1,2%	-8,5%	-23,8%
- skerðing á hækkunarþörf - %	-34%	0%	-30%	-38%	-22%	-50%	-100%	-100%	-34%	-100%	-54%

Í töflunni hér að framan kemur fram hver reiknuð hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar hefur verið á sl. 10 árum, þ.e. 1998 – 2007. Þar kemur fram að vinnslu- og dreifingarkostnaður tók engum hækkunum 1. janúar 2004, 2005 og 2007. Samhliða þessum verðstöðvunum vinnslukostnaðar var heildsöliverð mjólkurvara einnig óbreytt – þ.e. að heildsöliverð mjólkurvara tók engum hækkunum viðkomandi ár. Einnig kemur fram að flest önnur ár hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður tekið minni hækkunum en kostnaðarbreytingar í samfélaginu gáfu tilefni til.

Fróðlegt er að skoða hvaða áhrif þessar ákvarðanir Verðlagsnefndar hafa haft á þróun heildsöliverðs helstu mjólkurvara. Í eftirfarandi mynd kemur fram breyting á heildsöliverði á nýmjólk, skyri og hefðbundnum 26% osti á árunum 2003 – 2007.

Breyting á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur og heildsöliverði á 1 Ltr af Nýmjólk, 1 kg af Osti og 1 kg af Skyri á tímabilinu 1. janúar 03 - september 07.
Breyting á vísitölu neysluverðs á sama tíma
1. janúar 2003 = 100



Á umræddu tímabili 1. janúar 2003 t.o.m. september 2007 (áætlun verðbólgu 2007 = 2%) hafa umræddar mjólkurvörur hækkað um 2,5 – 2,6% á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 20 – 22% m.v. áætlun til september 2007. Þessum hækkunum þarf mjólkuriðnaðurinn að reyna að mæta með hagræðingu í rekstri og skipulagi greinarinnar. Kúabændur hafa einnig tekið umtalsverðar kostnaðarhækkunar á sínar herðar en þess ber að geta að allar hækkunar á rekstrarliðum þeirra, sem ekki eru bornar uppi í verðlagningu afurðanna, rýra launagreiðslugetu búanna með beinum hætti nema að þeir nái að hagræða í rekstri á móti.

Hólmgeir Karlsson lét af setu sem fulltrúi mjólkuriðnaðarins í Verðlagsnefnd búvöru á árinu. Í stað hans kom Pálmi Vilhjálmsson framkv.stj. SAM sem fulltrúi mjólkuriðnaðar í nefndinni en Pálmi hefur fram að þessu verið varamaður í Verðlagsnefnd mörg undangengin ár. Viljum við nota tækifærið og þakka Hólmgeiri fyrir gott samstarf í Verðlagsnefnd búvöru.

Guðlaugur Björgvinsson

Pálmi Vilhjálmsson

